

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977:

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10x4x1 lb. blokkfryst .....	523.65
2. 24x1 lb. blokkfryst .....	545.85
3. 24x450 gr. sérfryst .....	545.85
4. 6x2 kg., 5x2 kg. og 4x2 kg. sérfryst .....	545.85
5. 4x2.5 kg. sérfryst .....	545.85
6. 2x5 kg. sérfryst .....	545.85
7. 4x7 kg. sérfryst .....	545.85
8. 1x25 lbs. sérfryst .....	545.85
9. 15x200 gr. sérfryst .....	554.75
10. Í saltlegi .....	523.65

Verðbil verður 2½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. október 1977.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Dórður Ásgeirsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 15. ágúst til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 15. ágúst til 31. desember 1977:

Fiskmjöl, \$ 6.70 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1=206.00